

Fimmtudaginn 19. júní 1997.

Nr. 137/1997.

**Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)  
gegn

**Hans Pauli Djurhuus og**

**Jóni Pálma Pálmasoni**

(Guðni Á. Haraldsson hrl.)

Fiskveiðibrot. Veiðileyfi. Áfrýjun.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. mars 1997. Hann krefst þess, að ákærði Hans Pauli Djurhuus verði sakfelldur samkvæmt ákæru og ákærðu hvor um sig dæmdir til refsingar á grundvelli tilgreindra refsíákvæða í ákæru.

Ákærði Jón Pálmi Pálmason krefst þess aðallega, að málinu á hendur sér verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvalds. Til þrautavara krefst hann, að refsing verði felld niður að öllu leyti eða sæti lækkun samkvæmt 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Hans Pauli Djurhuus krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, en til vara, að refsing verði felld niður að öllu leyti eða sæti lækkun samkvæmt 74. gr. almennra hegningarlaga.

I.

Frávísunarkröfu sína styður ákærði Jón Pálmi með vísan til 2. mgr. 150. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, sbr. 10. gr. laga nr. 37/1994. Sá hluti hins áfrýjaða dóms, sem ákærvaldið hafi áfrýjað og snúi að sér, sé áfellsdómur, án þess að þar sé ákvörðuð frelsissvipting eða sekt. Áfrýjunarleyfi liggi ekki fyrir, og beri því með vísan til 148. gr. og 2. og 3. mgr. 150. gr. laga nr. 19/1991 að vísa málinu frá Hæstarétti, að því er sig varði.

Mál þetta var höfðað af hálfu ákærvaldsins með ákæru, út gefinni 7. janúar 1997, á hendur báðum ákærðu sameiginlega fyrir fisk-

veiðibrot í sömu veiðiferð, ákærða Hans Pauli sem skipstjóra og ákærða Jóni Pálma sem eiganda og útgerðarmanni, en hann var og um borð í skipinu sem vélstjóri. Í ákæru er verknaðarlýsing brotsins ein og hin sama og á við um báða ákærðu. Ákærvaldið hefur með heimild í 148. gr. laga nr. 19/1991 áfrýjað héraðsdómi, að því er ákærða Hans Pauli varðar, þar sem það telur hann hafa ranglega verið sýknaðan. Verður fjallað um þessa kröfu fyrir Hæstarétti. Brot ákærðu eru svo samþætt og samslungin, að þau verða vart rek-in sérstætt. Þegar litið er að auki til sjónarmiða að baki þeim nýmælum í 2. mgr. 150. gr. laga nr. 19/1991, sem lögleidd voru með 10. gr. laga nr. 37/1994 og höfðu þann tilgang að setja skorður við því, að sektarákvarðanir vegna minni háttar brota yrðu bornar und-ir Hæstarétt til endurskoðunar, verður ekki talið, að nauðsyn beri til við þessar aðstæður að vísa máli ákærða Jóns Pálma frá Hæsta-rétti.

## II.

Málavöxtum er lýst í héraðsdómi. Grandi hf. hafði 1. desember 1993 keypt skipið Guðmund Kristin, SU 404, á 36.000.000 krónur af útibúi Landsbanka Íslands á Fáskrúðsfirði. Þá hafði skipið almennt veiðileyfi í skilningi 1. mgr. 4. gr., sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, sbr. lög nr. 41/1979 um landhelgi, efnahagslög-sögu og landgrunn, en var án veiðiheimilda. Grandi hf. keypti skip-ið til þess að flytja veiðileyfi þess yfir á nýtt skip, er félagið var að kaupa frá Noregi, Þerney, RE 101. Á þennan flutning veiðileyfis var fallist af hálfu Fiskistofu með bréfi 11. febrúar 1994.

Eftir gildistöku laga nr. 87/1994 24. maí 1994 þurfti ekki lengur að taka skip af skipaskrá og eyða því eða selja úr landi vegna flutnings veiðileyfis á nýtt eða nýkeypt skip. Grandi hf. gat þar með selt skip-ið án leyfis til veiða í atvinnuskyni. Þann rétt nýtti félagið sér með sölu á skipinu fyrir 4.000.000 krónur til Sjávardýra ehf., sem ákærði Jón Pálmi er aðaleigandi að og framkvæmdastjóri fyrir, með kaup-samningi 11. júlí 1994. Í afsali 16. ágúst sama árs var tekið fram, að skipið væri án haffærisskírteinis og veiðiheimilda í íslenskri land-helgi. Ákærvaldið skýrir verðmuninn með því, að veiðileyfið fylgdi ekki með í sölnunni til Sjávardýra ehf. Hefur fyrirsvarsmáður selj-andans, Grandi hf., skýrt svo frá fyrir héraðsdómi, að ákærða Jóni

Pálma hafi verið fullkunnugt um, að skipið væri selt án veiðileyfis. Verður og fallist á með héraðsdómi, að honum hafi verið þetta ljóst.

Í veiðiferðinni, sem mál þetta fjallar um, hafði skipið ekki almennt veiðileyfi, og voru veiðar með því óheimilar við Ísland, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990. Þetta hlaut báðum ákærðu að vera kunnugt. Með 27. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996 var ákvæði 20. gr. laga nr. 38/1990 breytt á þá leið, að brot gegn ákvæðum laganna, reglum settum samkvæmt þeim og gegn ákvæðum leyfisbréfa varða sektum, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Ákærði Jón Pálmi var útgerðarmaður skipsins, og verður niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu hans staðfest. Skipstjóra bar, áður en veiðar innan fiskveiðilögsögunnar hófust, að ganga úr skugga um, að tilskilið veiðileyfi fyrir skipið væri fyrir hendi og skipið eða útgerð þess hefði heimild til veiðanna, sbr. 7. og 8. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og meginreglu 49. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Samkvæmt þessu ber að sakfella báða ákærðu, og telst brot þeirra réttilega heimfært til refsíákvæða í ákæru.

### III.

Refsingu beggja ákærðu ber að ákveða samkvæmt tilvitnuðum refsíákvæðum í ákæru, 27. og 28. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar nr. 57/1996, en í V. kafla þeirra eru ákvæði um breytingar á lögum nr. 38/1990. Verður hvorum ákærða um sig gert að greiða 500.000 krónur í sekt í ríkissjóð, enda eiga ákvæði 74. gr. almennra hegningarlaga hér ekki við.

Dæma ber ákærðu til að greiða sakarkostnað í héraði. Þar á meðal greiði þeir óskipt 125.000 krónur í saksóknarlaun í ríkissjóð og 125.000 krónur í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns í héraði.

Ákærðu skulu greiða áfrýjunarkostnað málsins, eins og nánar er ákveðið í dómsoð.

### D ó m s o r ð:

Ákærðu, Hans Pauli Djurhuus og Jón Pálmi Pálmason, greiði hvor um sig 500.000 króna sekt í ríkissjóð, en sæti í hennar stað fangelsi í 60 daga, ef hún greiðist ekki innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu greiði óskipt sakarkostnað í héraði, þar með talin

saksóknarlaun í ríkissjóð, 125.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Eyvindssonar héraðsdómslögmanns, 125.000 krónur.

Ákærðu greiði óskipt áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðna Á. Haraldssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

### **Dómur Héraðsdóms Reykjaness 7. mars 1997.**

Ár 1997, föstudaginn 7. mars, er á dómþingi, sem háð er í Héraðsdómi Reykjaness á reglulegum þingstað í Hafnarfirði af Má Péturssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-1/1997: Ákærvaldið gegn Hans Pauli Djurhuus og Jóni Pálma Pálmasyni.

#### I.

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð 21. febrúar 1997, er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, út gefinni 7. janúar 1997 og þingfestri 14. sama mánaðar, á hendur Hans Pauli Djurhuus, Hafnargötu 73, Keflavík, fæddum 13. apríl 1939, fæðingarnúmer 802, og Jóni Pálma Pálmasyni, Gerðhömrum 17, Reykjavík, fæddum 8. mars 1958, fæðingarnúmer 342, fyrir fiskveiðibrot með því að hafa, ákærði Hans Pauli sem skipstjóri á vélskipinu Guðmundi Kristni, SU-404, skipaskrárnúmer 1000, sem er 229 brúttórúmllestir og 35,14 lengdarmetrar, en ákærði Jón Pálmi var eigandi skipsins og útgerðarmaður og jafnframt lögskráður vélstjóri um borð, verið á línuveiðum innan fiskveiðilögsögu Íslands á skipinu án almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni eða nokkurra aflaheimilda eða veiðileyfis Fiskistofu frá sunnudegi 15. desember 1996 á Jökultungu, síðan undan Malarrífi og að lokum á Breiðafirði allt fram undir kvöld föstudaginn 20. desember, er varðskip kom að skipinu og veiðar voru stöðvaðar. Er skipið kom til Hafnarfjarðar næsta dag, reyndist afli um borð [rúm 7 tonn, 6.620 kg þorskur, 134 kg ýsa og 369 kg blandaður afli].

Brot ákærðu teljast varða við 1. mgr. 4. gr., sbr. 20. gr. og 20. gr. a laga um stjórn fiskveiða nr. 38/1990, sbr. 27. og 28. gr. laga nr. 57/1996, og 1. gr. og 2. málslíð 18. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. reglugerðar nr. 362/1996 um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, lög nr. 44/1948, og lög nr. 45/1974.

Þess er krafist, að ákærðu verði hvor um sig dæmdir til refsingar.

Undir rannsókn málsins breytti sækjandi ákæru á þann veg, að tilgreindur afli er:

2121

þorskur	5.047 kg
ýsa	95 kg
steinbítur	45 kg
langa	25 kg
gullkarfi	16 kg
háfur	4 kg
keila	85 kg
Samtals	<u>5.317 kg</u>

Þessar aflatölur eru byggðar á fram lögðum aflareikningi frá Fiskmarkaðinum hf. í Hafnarfirði. Útgerð ákærða Jóns Pálma hefur sætt viðurlögum, sem jafngilda andvirði ofangreinds afla, skv. 1. gr. og 3. gr. laga nr. 37/1992 um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávaraflla.

Að hálfu beggja ákærðu er krafist sýknu, en til vara, að refsing verð felld niður að öllu leyti eða sæti lakkun samkvæmt 74. gr. alm. hgl. Í báðum tilvikum er þess krafist, að skipuðum talsmanni ákærða verði dæmd málsvarnarlaun úr ríkissjóði að mati réttarins.

## II.

Báðir ákærðu staðfesta, að þeir hafi verið að veiðum þeim, sem lýst er í ákæru, og að afli hafi verið sá, er greinir í endanlegri ákæru.

Sýknukrafa ákærða Jóns Pálma Pálmasonar, framkvæmdastjóra útgerðar skipsins, Sjávardýra hf., og vélstjóra í umræddri veiðiferð, er einkanlega reist á því, að umræddur bátur hafi haft leyfi til veiða í atvinnuskyni í íslenski landhelgi, svokallað fiskveiðileyfi, og endurnýjunarrétt á því leyfi, og vísar hann þar um til 1. málsgreinar 4. gr. og 1. málslíðar 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða. Báturinn hafi einnig haft aflaheimildir.

Sýknukrafa ákærða Hans Pauli Djurhuus skipstjóra er studd sömu rökum, en til vara, verði ekki á þau rök fallist, er því haldið fram, að hvorki hafi verið um ásetning né gáleysi að ræða af hálfu þessa ákærða. Þar sem ákæruvaldinu hafi hvorki tekist að sanna ásetning né gáleysi þessa ákærða, beri að sýkna hann.

Ákæruvaldið telur málið liggja ljóst fyrir. Báturinn hafi verið seldur ákærða Jóni Pálma veiðileyfislaus árið 1994 og Fiskistofa margsinnis síðan bent honum á það. Hann hafi að vísu mótmælt því við Fiskistofu, en mikið af málf lutningi hans virðist hafa stafað af misskilningi hans á þeim laga- og reglugerðarákvæðum, sem við er stuðst við slíkar ákvarðanir, og túlkun Fiskistofu á þeim. Hann hafi verið ósamþykkur túlkun Fiskistofu, en í stað þess að fara þá leið að kæra ákvarðanir hennar til æðra stjórnvalds og fara í einkamál hafi hann valið þann kost að halda til veiða, þrátt fyrir það að

honum væri fullkunnugt um, að báturinn væri veiðileyfislaus. Hér sé því í raun ekki einungis um að ræða brot, heldur einnig mjög sterkan ásetning til brots.

---

## VII.

Málavextir um ætlaðar ólöglegar veiðar ákærðu og töku skipsins eru nánar tiltekið þeir, að samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Óðni, Kristjáns Þ. Jónssonar, fóru varðskipsmenn um borð í línuveiðarann Guðmund Kristin, SU-404, skipaskrárn. 1000, til eftirlits 20. desember 1996 kl. 18.26, þar sem hann lá yfir línu á Breiðafirði. Komið hafi í ljós, að skipstjóri gat ekki framvísað leyfi til veiða í íslenskri fiskveiðilögsögu. Að sögn Jóns Þ. Pálmasonar útgerðarmanns hefði skipið ekki fengið slíkt leyfi og hann ekki sótt um það. Hann hefði sagt, að fiskverkunin Ísnaust í Hafnarfirði ætlaði að sjá þeim fyrir kvóta. Skipstjórinn, ákærði Hans Pauli, hafi hins vegar sagt, að hann vissi ekki, hvernig veiðileyfamálum skipsins væri hátt að.

Skipstjóra hafi verið sagt að draga þegar inn línuna og halda síðan til Hafnarfjarðar, þar sem mál hans yrði rannsakað. Hafi hann hlýtt þeim fyrirætlunum, og laugardaginn 21. desember sl. hafi umrætt skip komið til hafnar í Hafnarfirði.

Sama dag voru teknar skýrslur af ákærðu hjá lögreglunni í Hafnarfirði, þar sem þeir játuðu að hafa verið við veiðar. Ákærði Jón Pálmi hélt því hins vegar fram, að skipið hefði veiðileyfi lögum samkvæmt. Rakti ákærði Jón Pálmi viðskipti sín, er hann keypti umrætt skip, og gat þess, að Fiski-stofa hefði neitað sér um veiðileyfið af ástæðum, sem hann teldi ekki standast lög. Eftir honum var m. a. bókað:

Mætti kveðst hafa keypt umrætt skip af Granda hf. í Reykjavík samkvæmt afsali 11. júlí 1994. Þá hafi enginn kvóti verið á skipinu og haffæris-skírteini þess ekki verið í lagi. Hann hafi svo fengið skipið löglega skráð hjá Siglingamálastofnun, en staðið hafi til að fara í háhyrningaföngun, sem leyfi fékkst svo ekki fyrir.

Hann segir, að síðan hafi skipið legið ónotað í rúmt ár, en þá verið undirbúið til veiða, og í haust, líklega í október, hafi skipið farið til veiða. Það hafi farið nokkra línutúra og veiðin farið fram utan við 200 mílna mörkin, þar sem hann hafi ekki talið hagstætt að kaupa kvóta. Hann segir, að nú fari í hönd tími fyrir góða sölumöguleika á fiski, og hafi hann því ákveðið að fara í umrædda veiðiferð og kaupa kvóta á aflann, sem fengist í henni. Hann hafi snúið sér til fyrirtækis, Í-Nausti í Hafnarfirði, og jafnframt til fiskmarkaðarins í Hafnarfirði og fengið fullvissu fyrir því, að hann fengi

keyptan kvóta. Þetta hafi hann gert, áður en hann hóf veiðiferðina. Aðspurður segir hann, að síðan skipið hóf veiðar, hafi það farið í þrjár veiðiferðir, þar sem veiðin fór fram utan fiskveiðilögsögunnar, og svo í þessa einu ferð, sem endaði á þennan veg.

Mætti segir, að sér finnist rétt, að það komi fram, og leggur fram gögn því til sönnunar, að 1. september 1994 hafi skipið fengið kvóta frá jöfnunarsjóði. Þann kvóta telji hann ennþá vera á skipinu, hann hafi aldrei verið tekinn af því á löglegan hátt. Þá segir hann, að Fiskistofa hafi allar götur neitað því að veita skipinu veiðileyfi og á þeirri forsendu, að skipið Guðmundur Kristinn, SU-404, sé ekki til. Samkvæmt þeirri forsendu telji þeir á Fiskistofu, að skipið eigi að vera farið af skipaskrá Siglingamálastofnunar.

Hann kveðst telja það óraunhæft, að aflinn, sem kom að landi í þessari veiðiferð, verði gerður upptækur. Hann vill mótmæla því. Hins vegar bjóði hann fram veð í skipinu fyrir aflanum, á meðan málið er til rannsóknar, og jafnframt fyrir veiðarfærunum, ef til stendur að gera þau upptæk.

Með þessari aðgerð, sem nú hefur verið framkvæmd, telji hann, að vegið hafi verið að atvinnufrelsi sínu, og telur það vera brot á stjórnarskrá landsins.

## VIII.

Fyrir dómi neituðu báðir ákærðu sök. Ákærði Jón Pálmi neitaði sök á sömu forsendum og fyrir lögreglu. Ákærði Hans Pauli kvaðst hafa haldið, að báturinn hefði veiðileyfi, þar sem það hefði komið fram hjá ákærða Jóni Pálma, að allar heimildir bátsins væru í lagi. Hann kvað þetta hafa verið fyrstu veiðiferð sína á skipinu. Hann hefði hringt til útgerðarforstjórans, Jóns Pálma, eftir auglýsingu í dagblaði, þeir hist og hann ráðið sig til skipstjórnar. Hann kvaðst hafa skoðað haffærisskírteini sérstaklega og ekki vefengt orð útgerðarmannsins um, að hann hefði kvóta, og ekki komið annað til hugar en báturinn hefði veiðileyfi, enda hefði hann skilið orð útgerðarmannsins á þann veg.

Upplýst er í málinu, að Guðmundur Kristinn, SU-404, er á skipaskrá og hefur aldrei verið af skipaskrá tekinn. Til athugunar kom hjá Siglingamálastofnun að taka upp sérstaka skráningu, B-skráningu, fyrir þau fiskiskip, sem hafi ekki veiðileyfi skv. 1. mgr. 4. gr. l. nr. 80/1990, en frá því var fallið. Siglingamálastofnun gerir engan greinarmun á fiskiskipum eftir því, hvort þau hafa veiðileyfi skv. 1. mgr. 4. gr. l. nr. 38/1990 eða ekki, stofnunin skráir einfaldlega ekkert þar um.

Upplýst er í málinu, að beitt var ákvæðum 1. gr. og 3. gr. laga nr. 37/1992 um sérstakt gjald vegna ólögmeats sjávaraflla og lagt á gjald, er nam verðmæti hins ætlaða ólöglega aflla.

*Niðurstöður.*

Frá gildistöku laga nr. 38/1990 hefur það ákvæði 1. mgr. 4. gr. laganna verið öldungis óbreytt og hljóðar svo: „Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Veiðileyfi skulu gefin út til árs í senn.“

Samkvæmt lögum nr. 36/1992 með síðari breytingu er Fiskistofu, sem heyrir undir sjávarútvegsráðherra, falið að annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum, svo sem nánar er kveðið á í lögum um það efni.

Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/1990, sem í gildi voru, er útgerð ákærða Jóns Pálma keypti umrætt skip, gátu þau skip ein fengið leyfi til veiða við Ísland í atvinnuskyni samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laganna, sem höfðu áður slíkt leyfi skv. eldri lögum um sama efni nr. 3/1988. Á þessu var þó gerð sú undantekning samkvæmt 2. mgr. 5. gr. 1. nr. 38/1990, sem í gildi voru, þegar umrædd kaup Sjávardýra hf. á skipinu fóru fram, að veita mátti nýju eða nýkeyptu sambærilegu skipi veiðileyfi í stað skips, er hvarf „varanlega úr rekstri.“ Fyrri eigandi, Grandi hf., hafði nýtt sér þessa heimild og farið þess á leit við Fiskistofu með bréfi, dags. 30. desember 1993, að mega „nýta endurnýjunarétt“ Guðmundar Kristins, SU-404, og tveggja annarra skipa sinna fyrir nýtt skip og óskað jafnframt eftir fresti til þess að taka skipin af skipaskrá. Með bréfi, dags. 11. febrúar 1994, samþykkti Fiskistofa þessa beiðni Granda hf. með tilteknum skilyrðum, þ. á m., að þau yrðu tekin af skipaskrá Siglingamálastofnunar innan þriggja mánaða, „seld úr landi eða eytt í samráði við Siglingamálastofnun, sbr. reglugerð nr. 274/1993 um veiðar í atvinnuskyni, enn fremur, að þinglýstur eigandi úreltu skipanna samþykkti eyðingu þeirra skriflega“.

Með bréfi, dags. 1. júlí 1994, féll Fiskistofa frá skilyrðum um töku af skipaskrá og eyðingu eða sölu úr landi og vísaði til „breytingar á lögum nr. 38/1990“ án þess að tilgreina breytingarlögin nánar. Hefur skráning Guðmundar Kristins, SU-404, á skipaskrá Siglingamálastofnunar staðið óbreytt allt til þessa dags.

Í fram lögðum skráningargögnum Fiskistofu, skipalista, kemur fram, að stofnunin skráði 12. janúar 1994 flutning veiðileyfis „til bráðabirgða“ af Guðmundi Kristni, og 16. júlí 1994 skráir stofnunin skipið „án veiðileyfis til veiða í íslenski landhelgi“. Hefur henni þá borist samþykki þinglýsts eiganda, Landsbanka Íslands, dags. 4. júlí 1996, við flutningi „aflahlutdeilda“ af skipinu, – veiðileyfis er ekki getið í þessari yfirlýsingu Landsbankans –, og ljósrit kaupsamnings til Sjávardýra hf., þar sem fram kemur, að skipinu fylgi ekki „veiðheimildir“. Þannig var skipið skráð á skipalista Fiskistofu, er ákærðu fóru veiðiferð þá, sem mál þetta snýst um.

Fyrir liggur, og í raun er ekki um það deilt í málinu, að ákærði Jón Pálmi vissi um framangreinda skráningu Fiskistofu og þekkti öll þau framangreind gögn, er henni lágu til grundvallar. Hann vissi, að þar til bært yfirvald, Fiskistofa, hafði fellt niður veiðileyfi umrædds báts, áður en útgerð hans keypti hann, og að honum var kunnugt um það, þegar hann fór í umrædda veiðiferð, að báturinn hafði ekki lögformlegt veiðileyfi.

Ákærði Jón Pálmi hefur haldið því fram, að kaupsamning og afsal um bátinn frá Granda hf. frá 16. 8. 1994 beri að túlka svo, að veiðileyfi sé ekki undanskilið við söluna. Fyrir liggur, að Fiskistofa hafði þá að ósk Granda hf. fellt veiðileyfi bátsins niður. Jafnvel þótt sú túlkun ákærða teldist rétt, að við kaupin hefði veiðileyfi átt að fylgja og bótaréttur innan samninga teldist vera í gildi, stofnar það útgerð hans engan rétt til veiðileyfis. Grandi hf. gat ekki ráðstafað veiðileyfi, sem ekki var til. Hvað stóð í umræddu afsali, batt ekki Fiskistofu og gat aldrei fellt á hana þá lagaskyldu að gefa út veiðileyfi bátnum eða útgerð hans til handa.

Úr því er óþarft að leysa í máli þessu, hvort skilyrði þau um eyðingu skips eða sölu úr landi, sem Fiskistofa setti fyrir gildistöku laga nr. 87/1994, áttu sér stoð í lögum eða reglugerð, því síður, hvort þessi ætluðu lagafyrirmæli um eyðingu eða sölu voru afnumin með 1. gr. laga nr. 87/1994 eða 2. mgr. 1. gr. rgj. nr. 405/1994.

Í umræddri veiðiferð hafði umrætt skip ekki lögformlegt veiðileyfi samkvæmt tilvitnaðri 1. mgr. 4. gr. l. nr. 38/1990. Eigi verður á það fallist með ákærðu, að afturköllun eða niðurfelling Fiskistofu á veiðileyfi bátsins hafi verið lögbrot, þ. e., að sýkna beri ákærðu vegna þess, að báturinn eða útgerð hans hafi átt lögvarinn rétt á veiðileyfi og útgáfa veiðileyfis að fullnægðum lagaskilyrðum sé lögbundin stjórnarathöfn, en ekki stjórnarathöfn reist á frjálsum mati.

Samkvæmt þessu ber að sakfella ákærðu, ef öðrum refsiskilyrðum, þar á meðal huglægum skilyrðum, telst fullnægt. Huglægar ástæður skipta og máli um ákvörðun refsingar, ef til kemur, og verður nú að þeim hugað og öðrum málsmótum.

Ákærði Jón Pálmi hafði ekki fengist við útgerð áður. Hann er lærður vélstjóri, en hefur ekki sérstaka þjálfun eða sérmenntun, er auðveldaði honum túlkun réttarheimilda, nánar tiltekið þess ærið flókna og sumpart ósamstæða og mótsagnakennda vefjar laga, reglugerða og óskráðra starfsvenja stjórnvalda, sem á reynir í máli þessu.

Í bréfi Fiskistofu til ákærða Jóns Pálma, dags. 1. febrúar 1995, er færð fram svofelld röksemd: „Þegar þér eignuðust ms. Guðmund Kristin, SU 404 (1000), hafði leyfi til veiða í atvinnuskyni verið flutt af skipinu, enda var

skipið selt yður veiðiheimildalaust, sbr. afsal, dags. 16. ágúst 1994“. Þessi notkun á hugtakinu „veiðiheimildalaust“ og þó einkum það að blanda með þessum hætti saman löggerningi á sviði einkaréttar og stjórnarathöfn var beinlínis til þess fallið að rugla ákærða Jón Pálma í ríminu og valda hjá honum lögvillu. Taka má undir það með verjanda, að sú úthlutun veiðiheimilda á nafn bátsins, sem fram fór, eftir að útgerð ákærða Jóns Pálma var orðin eigandi hans, hafi verið lagatæknilegt klúður. Sú aðferð, sem beitt var við þessa úthlutun, var til þess fallin að styrkja lögvillu þessa ákærða.

Ákærðu gerðu enga tilraun til þess að leyna umræddri veiðiferð. Samkvæmt upplýsingum frá eftirlitsmiðstöð Tilkynningaskyldunnar fylgdi skipstjórinn í hvívetna fyrirmælum 1. gr. laga um tilkynningarskyldu fiskiskipa nr. 40/1977. Hann tilkynnti brottför skipsins úr höfn 14. desember 1996 kl. 18.41 og tilkynnti dag hvern um hádegi og að kvöldi staðsetningu skipsins, sem sýndi, að þessi fiskibátur var dögum saman á hefðbundnum fengsælum fiskimiðum og því augljóslega í veiðiferð.

Ákærðu hafa á engan hátt torvelað rannsókn málsins, heldur frá upphafi lagt sig fram um að upplýsa það.

Mál þetta er hið fyrsta sinnar tegundar, sem kemur til úrlausnar dómstóla, svo að dómara sé kunnugt, bæði að því er varðar ólögmætar veiðar vegna skorts á veiðileyfi (sjóræningjaveiðar) og um það, hvort huglægum skilyrðum telst fullnægt, ef nýráðinn skipstjóri sýnir af sér það ætlaða gáleysi að taka útgerðarmann trúanlegan og heldur til veiða án þess að hafa skjalllegt veiðileyfi í höndum.

Samkvæmt fram lögðum sakavottorðum hefur hvorugur hinna ákærðu áður sætt refsingum, svo að vitað sé.

Útgerð ákærða Jóns Pálma hefur sætt viðurlögum skv. 1. gr. og 3. gr. laga nr. 37/1992, sem jafngilda í krónum talið upptöku hins ólögmæta afla. Jón Pálmi ber skv. 2. mgr. 2. gr. laganna persónulega ábyrgð á greiðslu fjárlins.

Ákærði Jón Pálmi Pálmason verður samkvæmt framansögðu sakfelldur, og telst brot hans réttilega heimfært til refsíákvæða í ákæru. Vegna málsbóta þeirra, sem að framan er lýst, verður ákvörðun refsingar hans frestað, og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Með því að ekki er í ákæru vísað til neinna lagaákvæða þess efnis, að skylt sé að hafa skjalllegt veiðileyfi um borð í bát, og með því að nægilega er fram komið, að útgerðarmaðurinn hafi vakið þá trú hjá hinum nýráðna skipstjóra, að báturinn hefði öll tilskilin leyfi í þessari fyrstu veiðiferð skipstjórans, verður hinn ákærði skipstjóri, Hans Pauli Djurhuus, sýknaður af

öllum dómkröfum ákæruvaldsins í máli þessu og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Brynjólfs Eyvindssonar hdl., sem ákveðast 25.000 kr., til-dæmd úr ríkissjóði.

Ákærða Jóni Pálma Pálmasoni ber að greiða sakarkostnað, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Eyvindssonar hdl. Við ákvörðun þeirra verður tekið tillit til umfangs málsins. Þessi ákærði valdi þá leið að fara í umrædda veiðiför allt að einu til þess að láta reyna á réttarágreining á sviði stjórnýslu í sakamáli í stað þess, sem rétt hefði verið, að leita ætlaðs réttar síns með stjórnýslukæru og, ef til kæmi, í einkamáli. Saksóknarlaun vegna þessa ákærða þykja hæfilega ákveðin 100.000 kr., og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Brynjólfs Eyvindssonar hdl., ákveðast einnig 100.000 kr.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði Hans Pauli Djurhuus er sýknaður af öllum dómkröfum ákæruvaldsins í máli þessu. Málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Brynjólfs Eyvindssonar hdl., 25.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Ákærði Jón Pálmi Pálmason er sakfelldur fyrir þau brot, sem honum eru gefin að sök í ákæru, en ákvörðun refsingar hans er frestað, og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Jón Pálmi Pálmason greiði sakarkostnað, þar á meðal 100.000 kr. í saksóknarlaun í ríkissjóð, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Eyvindssonar hdl., 100.000 kr.

---